



Fundargerð

**216. fundur svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs,
haldinn í fjarfundi mánudaginn 15. október kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Svæðisstjórnarfulltrúar

Sigurjón Andrússon, formaður svæðisstjórnar

Ívar Karl Hafliðason, varamaður formanns og varaformaður

Gerður Sigtryggisdóttir, formaður svæðisráðs norðursvæðis

Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs austursvæðis

Eyrún Fríða Árnadóttir, formaður svæðisráðs suðursvæðis

Þráinn Ingólfsson, formaður svæðisráðs vestursvæðis

Benedikt Traustason, fulltrúi umhverfisverndarsamtaka

Snorri Ingimarsson, fulltrúi útivistarsamtaka

Ágúst Elvarsson, fulltrúi ferðamálasamtaka á svæði Vatnajökulspjóðgarðs og Samtökum ferðaþjónustunnar

Starfsfólk

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði

Helga Hvanndal Björnsdóttir, aðstoðarþjóðgarðsvörður á hálendi norðursvæðis

Helga Árnadóttir, sérfræðingur á stjórnunar- og verndarsviði

Björgvin Valdimarsson, fjármálastjóri

Gísli Halldór Halldórsson, sviðsstjóri á þróunarsviði

1. Fundargerð síðasta fundar

Formenn svæðisráða kynntu fundargerðir frá 120. fundi svæðisráðs norðursvæðis, 148. fundi svæðisráðs suðursvæðis og 122. fundi svæðisráðs vestursvæðis.

Til kynningar.

2. Stjórnunar- og verndaráætlun - Vatnajökulspjóðgarður - Breyting - Vonarskarð 2025 - vísun til ráðherra - 202509-0136

Forstjóri skýrði frá stöðu málsins, sem bíður afgreiðslu eftir að það var sent til ráðuneytis í kjölfar samþykktar á stjórnarfundum 17. september sl.

Til upplýsingar.



3. Stjórnunar - og verndaráætlun - viðauki - Herðubreið og Austurafrétt Bárðdæla - auglýsingar og kynningarferli - 202504-0042

Helga Hvanndal Björnsdóttir og Helga Árnadóttir komu til fundar. Tekið fyrir að nýju, tillaga að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er varðar Austurafrétt Bárðdæla. Svæðisráð norðursvæðis samþykkti á fundi sínum 4. september sl. að tillagan færi í opið auglýsinga- og kynningarferli. Málið var lagt fram til kynningar á fundi svæðisstjórnar 17. september sl. Í ljósi viðbótar gagna sem bárust eftir það, var málið sett á dagskrá fundar svæðisráðs norðursvæðis 13. október sl. Skömmu fyrir þann fund komu fram ábendingar um atriði sem þyrfti að skoða nánar.

Afgreiðslu frestað þar til svæðisráð norðursvæðis hefur tekið tillöguna fyrir að nýju.

Helga Hvanndal Björnsdóttir og Helga Árnadóttir fóru af fundi.

4. Rekstraráætlun 2026 - 202509-0089

Björgvin Valdimarsson, fjármálastjóri Náttúruverndarstofnunar kom til fundar. Fjármálastjóri og forstjóri kynntu fyrirkomulag vinnu við rekstraráætlun fyrir viðföng Vatnajökulspjóðgarðs 2026.

Unnið er að greiningu á hlutdeild Vatnajökulspjóðgarðs í miðlægri þjónustu og yfirstjórn Náttúruverndarstofnunar. Samhliða áætlanagerð eru í skoðun breytingar á gjaldskrá.

Þjóðgarðsverðir vinna tillögu í samráði við fjármálastjóra og forstjóra, með hliðsjón af fjárveitingum og sértekjuáætlun. Stefnt er að því að leggja tillögur fyrir svæðisráðin á fundum þeirra 3. og 4. nóvember.

Lagt er til að rekstraráætlun verði tekin fyrir á aukafundi í svæðisstjórn 13. nóvember. Áformað er að reglubundinn fundur svæðisstjórnar verði eftir sem áður á dagskrá 19. nóvember. Samþykkt samhljóða.

5. Rekstur 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202506-0078

Björgvin Valdimarsson fjármálastjóri Náttúruverndarstofnunar skýrði frá stöðu rekstrar fyrstu 8 mánuði ársins.

Rekstur Vatnajökulspjóðgarðs hefur gengið vel það sem af er árinu. Tekju- og útgjaldaáætlun hefur gengið eftir í meginatriðum. Unnið er að útkomuspá fyrir árið 2025 og frekari upplýsinga að vænta í nóvember um líklega rekstarniðurstöðu ársins.

Björgvin Valdimarsson fór af fundi.

6. Starfshópur um uppbyggingu innviða og ráðstöfun heimilda til reksturs við Jökulsárlón - 202508-0011

Gísli Halldór Halldórsson kom til fundar og skýrði frá undirbúningi vegna fyrirhugaðs fyrsta fundar stýrihóps um uppbyggingu innviða og ráðstöfun heimilda til reksturs við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi. Innan Náttúruverndarstofnunar er verið að koma á



fót vinnuhópi eða baklandi vegna þessarar vinnu og mun formaður svæðisráðs suðursvæðis taka þátt í þeirri vinnu.

Bókun svæðisráðs og svæðisstjórnar varðandi aðkomu fulltrúa sveitarfélags með tengingu við stjórnkerfi Vatnajökulspjóðgarðs var komið til umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis.

Fram að því að formleg svör berast um beiðni svæðisráðs og stjórnar um sæti fulltrúa sveitarfélagsins með tengingu við stjórnkerfi Vatnajökulspjóðgarðs í stýrihópnum, ítrekar svæðisstjórn mikilvægi aðkomu fulltrúa úr nærsamfélaginu. Á það hvort tveggja við um fulltrúa úr stjórnkerfi Vatnajökulspjóðgarðs og beinna hagsmunaaðila við Jökulsárlón (t.d. bændur og ferðapjónustuaðila).

Gísli Halldór Halldórsson fór af fundi að lokinni kynningu.

Ívar Karl Hafliðason og Vilhjálmur Jónsson fóru af fundi.

7. Starfsáætlun 2025-2029 - svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs - 202508-0074

Tekið fyrir að nýju. Formaður kynnti uppfærð drög að starfsáætlun svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs 2025-2029 og tillögur þjóðgarðsvarða inn í þá stefnumótun.

Starfsáætlun stjórnar 2025-2029 samþykkt samhljóða.

8. Upplýsingar forstjóra - Vatnajökulspjóðgarður - svæðisstjórn - 202505-0077

Ívar Karl Hafliðason kom aftur til fundar.

Forstjóri fjallaði um skipurit og skipulagsbreytingar, stefnumótun nýrrar stofnunar og átak í vinnu við stjórnunar- og verndaráætlanir.

Umræða um starfsmannmál og mönnun á suðursvæði. Svæðisstjórn er sammála um að til að mæta þeim verkefnum og áskorunum sem fram undan eru í rekstri, vernd, þjónustu og samskiptum við hagsmunaaðila, sé mikilvægt að ráða öflugan leiðtoga í starfsmannateymið á svæðinu. Þrátt fyrir sýndan skilning á breytingaferli og vinnu við uppfærslu skipurits, er álag á svæðinu slíkt að þegar stöðugildi losna, er það mat svæðisstjórnar að mikilvægt sé að stöður séu auglýstar svo fljótt sem auðið er, svo mönnun endurspeglir það hlutverk og þá ábyrgð sem rekstrarsvæðin bera.

Til kynningar.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:10.